

Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2020  
Tilv.: 2010012/2010013

**Efni: Umsögn vegna frumvarps um tekjufallsstyrki (212. mál) og frumvarps um fjárstuðning við minni fyrirtæki (201. mál).**

Samkeppniseftirlitið vísar til umsagnarbeiðna, dags. 20. október sl., vegna mála nr. 201 og 212. Með umsögninni er Samkeppniseftirlitið að leysa af hendi það lögbundna verkefni sitt að „benda stjórnvöldum á leiðir til að gera samkeppni virkari“, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við frumvörpin og telur þau að vissu leyti leiða til þess að samkeppnisröskun vegna þeirra stuðningsaðgerða sem stjórnvöld hafa þegar gripið til verði minni en ella. Þannig er t.a.m. ráðgert að fjárhæðarmörk lokunarstyrkja verið hækkuð og koma eigi frekar til móts við lítil fyrirtæki og einyrkja.

Við ákvarðanir um stuðningsaðgerðir af þessu tagi er mikilvægt að skilyrði stuðnings séu útfærð þannig að sem minnst hætta sé á að samkeppnisstöðu keppnauta og atvinnugreina sé ekki raskað. Samkeppniseftirlitið er ekki í aðstöðu til að meta heildstætt áhrif þessara tveggja frumvarpa með þeim skamma fyrirvara sem gefinn er, en hvetur löggjafarvaldið til að hafa vakandi auga með umsögnum fyrirtækja og hagsmunaaðila að þessu leyti.

Án tillits til þeirra frumvarpa sem hér eru til umfjöllunar vill Samkeppniseftirlitið ennfremur undirstrika mikilvægi þess að stjórnvöld hugi að almennri stefnumörkun varðandi áframhaldandi stuðningsaðgerðir og framvindu þeirra. Þar á meðal er mikilvægt að hugað verði að þýðingu samkeppni fyrir endurreisn atvinnulífsins. Alþjóðleg reynsla af efnahagskreppum og rannsóknir fræðimanna á þeim sýna fram á að aðgerðir til þess að efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífsins, en aðgerðir sem takmarka samkeppni eru til þess fallnar að framlengja og auka efnahagserfiðleika.<sup>1</sup> Því er mikilvægt að stjórnvöld hugi almennt að áhrifum ráðstafana sinna á samkeppnisaðstæður á Íslandi.

Stjórnvöld á Íslandi og íslensk fyrirtæki geta á ýmsan hátt nýtt sér þá reynslu sem varð til við bankahrunið og við úrlausn á þeim efnahagserfiðleikum sem fylgdu í kjölfarið. Það á líka við um samkeppnisstefnu og úrlausn samkeppnismála. Hér er vert að vekja athygli á nokkrum kjarnaatriðum:

1. Samkeppni í viðskiptum er nauðsynleg fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem hún eykur velferð almennings og stuðlar að hagkvæmni í atvinnurekstri. Virk samkeppni er atvinnuskapandi og stuðlar að aukinni framleiðni og efnahagslegum vexti.

<sup>1</sup> Sjá t.d. umfjöllun í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging*.



Samkeppniseftirlitið fjallaði ítarlega um þetta í kafla II í skýrslu nr. 2/2008, Öflug uppbygging, sem aðgengileg er [hér](#).

2. Mjög mikilvægt er að hugað sé vel að **aðkomu banka og stjórnvalda** að rekstrarerfiðleikum fyrirtækja. Í alvarlegum rekstrarerfiðleikum heilla atvinnugreina geta ákvarðanir banka og stjórnvalda haft grundvallarpýðingu fyrir samkeppnisaðstæður á viðkomandi mörkuðum og þar með hagsmuni neytenda til langrar framtíðar.
3. Samkeppniseftirlitið fjallaði ítarlega um þetta á árunum 2008-2011. Nefna má að haustið 2008 gaf Samkeppniseftirlitið út [álit nr. 3/2008](#), Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Þar er að finna 10 meginreglur (boðorð) sem mótuð voru í samstarfi við Samtök atvinnulífsins.

Meginreglurnar fjölluðu m.a. um eftirfarandi:

- Að sú ráðstöfun sé valin sem raskar samkeppni sem minnst.
- Að ekki sé stofnað til aukinnar fákeppni eða óæskilegra stjórnunar- og eignatengsla, heldur leitast við að draga úr slíku ástandi.
- Að hagsmunir tveggja keppnauta séu ekki á hendi sömu aðila.
- Að hlutlægni í ráðstöfun eigna sé tryggð.
- Að skapaðir séu möguleikar fyrir nýja aðila til að koma inn á samkeppnismarkaði og dreifðara eignarhaldi fyrirtækja.
- Að tilnefndur sé ábyrgðaraðili samkeppnismála sem hafi umsjón með samkeppnislegu mati á ráðstöfunum og að ferli við töku ákvarðana sé gegnsætt og skrásett.

Þessar meginreglur eiga vel við í þeim aðstæðum sem nú eru að skapast. Álitnið er aðgengilegt [hér](#). Eftirlitið fjallaði einnig ítarlega um þessi álitafni í skýrslu nr. 2/2009, Bankar og endurskipulagning fyrirtækja, sem aðgengileg er [hér](#).

Ljóst er af framangreindu að leiðir við stuðning til handa fyrirtækjum geta haft grundvallarpýðingu fyrir samkeppnisaðstæður til framtíðar. Skiljanlega eru stjórnvöld í erfiðri aðstöðu til að meta þetta til hlítar þegar um bráðaaðgerðir er að ræða, en það leysir stjórnvöld ekki undan þeirri ábyrgð að meta reynslu af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og nýta þá reynslu við frekari aðgerðir.

Samkeppniseftirlitið vekur athygli á framangreindu og er reiðubúið að liðsinna nefndinni frekar eftir því sem hún óskar.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Valur Þráinsson